

Fyrsti fundur samstarfsnefndarinnar var haldinn fimmtudaginn

11. des. '75 á skrifstofu Kaupfélags Suðurnesja í Keflavík. Gunnar Sveinsson boðaði til fundarins, sem hófst klukkan 17⁰⁰.

Gunnar bauð fundarmenn velkomna, svo og gest fundarins Rögnvald Sæmundsson, skólastjóra. Gat Gunnar þess, að í nefndinni ættu sæti fulltrúar allra sveitarfélaganna sunnan Hafnarfjarðar. Ekki hefði þó verið skipaður fulltrúi fyrir Grindavík ennþá, en það yrði gert á næstu dögum.

Í nefndina voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Eggert Ólafsson, Hafnahreppi, — *Jón Hólmgeirsson* —
Gunnar Sveinbjörnsson, Gerðahreppi,
Gunnar Sveinsson, Keflavík,
Hreinn Ásgrímsson, Vatnsleysustrandarhr.
Ingvar Jóhannsson, Njarðvíkurhreppi,
Sigurður Ólafsson, Miðneshreppi.

Mættir voru á fundinn Eggert, Gunnar Sveinsson, Hreinn, Sigurður og Guðrún Sigurðardóttir í forföllum Gunnars Sveinbjörnssonar. Ingvar Jóhannsson var erlendis.

Formaður nefndarinnar var kjörinn Gunnar Sveinsson, en ritari Hreinn Ásgrímsson.

Gunnar rakti aðdragandann að skipan þessarar nefndar og kvað henni vera ætlað að starfa í samræmi við álitargerð nefndar þeirrar er fjallaði um stofnun fjölbrautaskóla á Suðurnesjum og skilaði álitargerð sinni í maímánuði s.l.

Í fyrstu ræddu fundarmenn málin á breiðum grundvelli. Staða framhaldsmenntunar og framhaldsskóla var m. a. rædd og voru menn sammála um að ýmissa úrbóta væri þar þörf.

Þá voru tekin fyrir þau vandamál, sem fyrst blasa við, ef stofna á fjölbrautaskóla á svæðinu. Eftirfarandi samþykktir voru gerðar:

1. Nefndin gerir að tillögu sinni að stofnaður verði fjölbrautaskóli með deildaskipan samkvæmt álitargerð nefndar um fjölbrautaskóla frá því í maímánuði s.l., og taki hann til starfa haustið 1976.

2. Nefndin telur að lausn á húsnæðisvanda stofnunar þessarar gæti orðið á eftirfarandi hátt:
- a) Að sveitarfélögin gerist annað hvort eignaraðili að hluta skólabyggingar Gagnfræðaskólans í Keflavík eða leiguaðili að sama húsnæði um óákveðinn tíma, því þar er húsrými fyrir hendi.
 - b) Í öðru lagi telur nefndin að húsnæði Iðnskóla Suðurnesja gæti leyst hluta húsnæðisþarfa þessa skóla, sbr. tillögu nefndar um fjölbrautaskóla varðandi iðn- og tæknibraut.

Upplýst var, að á fundi bæjar- og sveitastjórnarmanna með þingmönnum kjördæmisins fyrir skemmstu virtist vera full samstaða um nauðsyn þess að stofna fjölbrautaskóla á svæðinu.

Nefndarmenn voru sammála um að senda menntamálaráðuneytinu eftirfarandi bréf:

„Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Sett hefur verið á stofn samstarfsnefnd um stofnun fjölbrautaskóla á Suðurnesjum, skipuð fulltrúum allra sveitarfélöga sunnan Hafnarfjarðar.

Á fyrsta fundi nefndarinnar, sem haldinn var í Keflavík þann 11. des. 1975, var samþykkt að óska eftir samþykki ráðuneytisins til stofnunar fjölbrautaskóla fyrir Suðurnes, er staðsettur verði í Keflavík og taki til starfa næstkomandi haust, samkvæmt álitssgerð nefndar um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum frá því í maímánuði síðastliðnum.

Virðingarfyllst.

f.h. nefndarinnar.

Gunnar Sveinsson (sign).

Einnig var ákveðið að fela formanni nefndarinnar ásamt þeim Sigurði Ólafssyni, Eiríki Alexanderssyni, Ingvari Jóhannssyni og Rögnvaldi Sæmundssyni að fara á næstu dögum á fund forystamanna menntamálaráðuneytisins og reka erindi nefndarinnar.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 19⁰⁰.

Fundarritari.

Hreinn Ásgrímsson (sign).